

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Miðhúsavegi
600 Akureyri

Umhverfisstofnun



Akureyri, 16. desember 2013
Tilvísun: UST20111100142/gsá


Staðfesting á úrbótum móttekin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dagsett 8. nóvember 2011, þar sem fjallað er um sex frávík sem komu fram við eftirlit 14. september 2011. Þann 8. desember 2011 barst Umhverfisstofnun áætlun frá rekstraraðila um úrbætur vegna þessara sex frávíka og var áætlunin samþykkt af stofnuninni sama dag. Við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar árið 2012 var staðfest að úrbótum vegna fjögurra frávíka er nú lokið en gefin var frestur **til 27. mars 2013** til að ljúka úrbótum við þau tvö frávík sem eftir stóðu, hvað varðar botnþykktarmælingu á geymum stöðvarinnar og að viðbragðsáætlun sé til staðar til að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar.

Þann 8. apríl 2013 sl. barst Umhverfisstofnun staðfesting rekstraraðila um að búið væri að botnþykktarmæla geyma stöðvarinnar og þann 30. maí sl barst stofnuninni með tölvupósti, afrit af neyðar- og viðbragðsáætlun. Umhverfisstofnun hefur móttekið þau gögn sem um ræðir lítur svo á að þetta séu fullnægjandi úrbætur og ekki verður aðhafst frekar hvað þessi frávík varðar af hálfu Umhverfisstofnunar.

Úrbótum vegna frávíka eftirlits ársins 2011 er nú lokið.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra